

Fimmtudaginn 7. maí 1998.

Nr. 254/1997.

Stakkavík ehf.

(Tryggvi Gunnarsson hrl.)

gegn

Veri ehf.

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kaupsamningur. Aflaheimild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. júní 1997 og krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður, en til vara, að sér verði aðeins gert að greiða stefnda 805.160 krónur. Einnig krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjandi keypti vélbátinn Guðlaugu Lárusdóttur, RE 310, síðar Stakkavík, GK 61, af stefnda með samningi 4. maí 1995. Segir í honum, að báturinn sé 8 brúttótonn. Kaupverð var 12.000.000 krónur, og skyldi það greitt með 4.355.575 krónum í peningum, en eftirstöðvar með því, að áfrýjandi tæki að sér að greiða nánar tilgreindar skuldir, sem hvíldu á bátnum. Stefndi skyldi afhenda bátinn við undirritun kaupsamnings. Í samningnum er tekið fram, að „veiðiheimumild“ bátsins fylgi með í kaupunum og að „aflahlutdeild“ hans sé nánar tiltekinn hundradshluti vegna þorsks, ýsu og ufsa. Er hundradshluti þessi tilgreindur í héraðsdómi. Einnig eru eftirfarandi ákvæði í samningnum: „Úthlutað aflamark fiskveiðiársins 1994/1995 er fullnýtt. Verði bátnum úthlutað viðbótar aflahlutdeild á yfirstandandi fiskveiðiári, greiði kaupandi seljanda fyrir það á markaðsverði, og fari greiðsla fram um áramót 1995/1996.“ Er ekki ágreiningur um, að síðastgreint ákvæði um viðbótar aflahlutdeild var sett í samninginn að ósk stefnda. Hins vegar greinir aðila á um, hvernig skýra beri hér orðið viðbótar aflahlutdeild.

II.

Fyrirsvarsmenn aðila gáfu skýrslur fyrir héraðsdómi. Fyrirsvarsmaður stefnda, Páll Gunnólfsson, bar, að ákvæðið um viðbótaraflahlutdeild hefði verið hugsað þannig, að ef aukning yrði á afla á bátinn á árinu, yrði það áfrýjanda í hag. Einar, sonur Páls Gunnólfs-sonar og stjórnarmaður í stefnda, skýrði svo frá fyrir dómi, að ákvæðið um viðbótaraflahlutdeild hefði verið sett í kaupsamninginn vegna þeirra umræðna í þjóðfélaginu, að bátar af svipaðri stærð og Guðlaug Lárusdóttur, RE 310, hefðu „orðið fyrir mikilli skerðingu“, og af þeim sökum hefði verið von á, að veiðiheimildir þeirra yrðu auknar á fiskveiðiárinu. Með ákvæðinu hefðu fyrirsvarsmenn seljanda átt við veiðiheimild bátsins á því eina fiskveiðiári, sem nefnt hefði verið í samningnum.

Hermann Ólafsson, forstjóri áfrýjanda, bar hins vegar, að hann hefði skilið viðbótaraflahlutdeild svo, að það merkti varanlegan kvóta, og bæri kaupanda að greiða seljanda fyrir hann, ef hann kæmi í hlut bátsins á fiskveiðiárinu. Hermann kvaðst ekki minnst þess, að aðilar hefðu rætt sérstaklega um hið umdeilda ákvæði við samningsgerð. Hermann kvaðst ekkert hafa „spáð í það“, þegar hann var inntur eftir því, hvort hann myndi eftir umræðum um það vorið 1995, að í ráði væri að bæta litlum bátum upp fiskveiðiheimildir vegna skerðingar á kvóta undanfarin ár. Hann sagði einnig, að búið hefði verið „að skerða og auka þannig, að við vorum ... ekkert með neitt slíkt í huga, þegar við kaupum bátinn“. Hafi hann ekkert hugsað út í slíka hluti. Aðspurður um, hvort Guðlaug Lárusdóttir, RE 310, síðar Stakkavík, GK 61, hefði fengið viðbótarúthlutun aflaheimilda á fiskveiðiárinu frá 1. september 1995 til 31. ágúst 1996, sagðist Hermann ekki vera svo nákvæmlega „inni í“ þessum kvótamálum. Hefði hann það ekki „alveg nákvæmlega á hreinu“. Níels Adolf Guðmundsson, starfsmaður áfrýjanda, bar fyrir dómi, að kaupandi og seljandi hefðu „aldrei í samningaferlinu“ rætt ákvæðið um greiðslu kaupanda fyrir viðbótaraflahlutdeild. Aðilar hefðu aldrei rætt um, hvað fælist í orðinu aflahlutdeild.

III.

Þegar samningurinn var gerður og báturinn afhentur kaupanda, voru liðnir rúmir átta mánuðir af því fiskveiðiári, sem hófst 1. sept-

ember 1994 og lauk 31. ágúst 1995. Hafði seljandi þegar nýtt að fullu aflamark þess fiskveiðiárs, eins og skýrt kemur fram í samningnum. Hins vegar fylgdi með í kaupunum varanleg aflaheimild, það er aflahlutdeild, bátsins vegna þorsks, ýsu og ufsa, svo sem nánar greinir í héraðsdómi.

Kaupsamningurinn 4. maí 1995 var gerður að undangengnu tilboði áfrýjanda 24. apríl 1995 og gagntilboði stefnda 25. sama mánaðar. Af framburði fyrirsvarsmanna málsaðila og vitna svo og öðrum gögnum málsins er ljóst, að um þær mundir lá fyrir, að gerðar yrðu ráðstafanir af hálfu hins opinbera til að bæta hlut þeirra fiskibáta, sem orðið höfðu fyrir mestri skerðingu aflaheimilda vegna minnkandi þorskveiða.

Breytingar á reglum um aflaheimildir fiskiskipa voru þó ekki gerðar fyrr en með lögum nr. 83/20. júní 1995. Með þeim var meðal annars bætt bráðabirgðaákvæðum við lög nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða. Í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I segir svo: „Á fiskveiðiárinu 1994/1995 skal úthluta sérstaklega til jöfnunar þeim hluta aflahámars vegna línutvöföldunar . . ., sem ekki nýttist við línuveiðar í nóvember til febrúar. Skal þessum aflaheimildum úthlutað í samræmi við reglur 2. og 3. mgr. þessa ákvæðis, eftir því sem við á, og skal í þeim efnum miða við aflahlutdeild einstakra skipa 1. maí 1995“.

Fiskistofa ritaði 27. júní 1995 stefnda bréf og tilkynnti, að á grundvelli þessa lagaákvæðis færðust aflaheimildir á fiskveiðiárinu 1. september 1994 til 31. ágúst 1995 til Guðlaugar Lárusdóttur, RE 310, 8.664 kg af þorski og 1.009 kg af ýsu.

Svo sem áður greinir, kom hið umdeilda ákvæði fram í samningnum í beinu framhaldi þess, að greint var frá, að aflamark yfirstandandi fiskveiðiárs væri þegar nýtt að fullu. Í ákvæðinu var rætt gagnert um, hvernig brugðist yrði við, ef bátnum yrði úthlutað „viðbótaraflahlutdeild“ á sama fiskveiðiári. Sambandið milli þessara ummæla í samningnum bendir til, að umdeilda ákvæðið hafi átt að varða veiðiheimildir, sem áfrýjandi kynni að geta nýtt á þeim skamma tíma, sem stóð orðið eftir af fiskveiðiárinu 1994 til 1995. Þegar samningurinn var gerður, voru mjög til umræðu opinberlega hugmyndir um breytingar á reglum um aflaheimildir fiskiskipa. Af gögnum málsins verður ráðið, að þær hugmyndir stjórnvalda, sem

höfðu verið kynntar opinberlega, stefndu einkum að því að rétta hlut útgerðarmanna smærri báta vegna lítilla þorskveiða þeirra á undangengnum mánuðum. Litlar sem engar líkur gátu verið til þess, að slíkar breytingar yrðu gerðar, úr því sem komið var, vegna yfirstandandi fiskveiðiárs með því að hrófla við varanlegum aflaheimildum. Verður í því sambandi að líta til þess, að ef bæta hefði átt hlut útgerðarmanna smærri báta með því að auka varanlegar aflaheimildir þeirra, hefði orðið óhjákvæmilegt að skerða að sama skapi aflahlutdeild stærri fiskiskipa, sem kunnu þá þegar að hafa nýtt að verulegu leyti aflamark sitt á yfirstandandi fiskveiðiári. Þá hefðu breytingar á aflahlutdeild smærri báta ekki heldur getað nýst þeim fiskveiðiárið 1994 til 1995, nema stjórnvöld hefðu ákveðið að auka leyfilegan heildarafla á því ári, en slík aukning hefði um leið komið útgerðarmönnum allra annarra fiskiskipa að gagni. Eins og hér var ástatt, verður því ekki séð, að raunhæft hafi verið að gera ráð fyrir öðru en breytingar yrðu aðeins gerðar með tímabundnum aðgerðum, sem hefðu ekki haft áhrif á aflahlutdeild einstakra fiskiskipa til frambúðar. Þegar gætt er að þessu, átti fyrirsvarsmönnum áfrýjanda ekki að geta dulist, að stefndi stæði í rangri trú um merkingu orðsins aflahlutdeild, þegar hann hlutaðist til um, að ákvæðið umdeilda yrði sett í samning þeirra, enda hefði ákvæðið nánast verið tilgangslaust, ef orðalag þess var skilið bókstaflega miðað við skilgreiningu hugtaksins aflahlutdeild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1990. Fyrirsvarsmönnum áfrýjanda mátti þannig vera ljóst, að stefndi hefði skilið þetta hugtak svo, að það næði til aflaheimilda í víðtækari merkingu, þar með talið aflamark bátsins. Verður samkvæmt þessu fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms, að áfrýjanda beri að inna af hendi til stefnda sérstaka greiðslu vegna aflaheimilda, sem veittar voru með bréfi Fiskistofu 27. júní 1995.

IV.

Varakrafa áfrýjanda þess efnis, að sér verði einungis gert að greiða stefnda 805.160 krónur, er miðuð við verð á aflaheimildum í nóvember 1995 samkvæmt sömu heimild og stefndi reisir kröfur sínar á, en það eru upplýsingar frá „Kvótamarkaðinum“ í Reykjavík. Krafa stefnda miðast við söluverð varanlegra aflaheimilda, sem var 460 krónur fyrir hvert kg af þorski og 110 krónur fyrir hvert kg af

ýsu. Aflaheimildir, sem veittar voru með bréfi Fiskistofu 27. júní 1995, voru samkvæmt framangreindu vegna eins fiskveiðiárs. Verður því fallist á með áfrýjanda, að reikna eigi endurgjald fyrir þær á grundvelli verðs á aflamarki. Samkvæmt fyrrnefndri heimild var verð á aflamarki á þeim tíma, sem báðir aðilar miða kröfur sínar við, 92 krónur fyrir hvert kg af þorski og 8 krónur fyrir hvert kg af ýsu. Samkvæmt því verður varakrafa áfrýjanda tekin til greina og honum gert að greiða stefnda 805.160 krónur. Af þeirri fjárhæð ber áfrýjanda að greiða dráttarvexti, sem verða dæmdir með vísan til 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 13. janúar 1996, en þá var liðinn einn mánuður, frá því að stefndi krafði áfrýjanda um greiðslu.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað skal vera óraskað. Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Stakkavík ehf., greiði stefnda, Veri ehf., 805.160 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 13. janúar 1996 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað skal vera óraskað. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 17. mars 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. febrúar sl., var höfðað með stefnu, birtri 14. júní 1996.

Stefnandi er Ver hf., kt. 650265-5489, Bergstaðastræti 21, Reykjavík.

Stefndi er Stakkavík hf., kt. 480388-1519, Bakkalág 15 B, Grindavík.

Dómkröfur stefnanda:

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 4.096.100 kr. með hæstu dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 1. janúar 1996 til greiðsludags,

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að mati réttarins að viðbættum virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

að stefndi verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað í samræmi við málskostnaðarreikning. Við þá ákvörðun verði tekið tillit til skyldu stefnda til að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Málavextir.

Með kaupsamningi og afsali, dags. 4. maí 1995, seldi stefnandi stefnda mb. Guðlaugu Lárusdóttur, RE-310, skipanúmeraskrá 1943. Nafni bátsins var síðan breytt, og heitir hann nú Stakkavík, GK-61.

Með í kaupum bátsins fylgdi veiðiheimild hans, og var aflahlutdeild hans þannig:

Þorskur	0,0214200 %
Ýsa	0,0171204 %
Ufsi	0,00031337 %

Í kaupsamningi er tekið fram, að úthlutað aflamark fiskveiðiársins 1994/1995 sé fullnýtt. Jafnframt segir svo í samningnum: „Verði bátnum úthlutað viðbótarafhlutdeild á yfirstandandi fiskveiðiári, greiði kaupandi seljanda fyrir það á markaðsverði og fari greiðsla (svo) fram um áramótin 1995/1996.“

Með bréfi Fiskistofu, dags. 27. júní 1995, var stefnanda tilkynnt um yfirfærslu aflaheimilda á fiskveiðiárinu 1. september 1994 til 31. ágúst 1995 til Guðlaugar Lárusdóttur, RE-310, þannig: 8664 kg af þorski og 1009 kg af ýsu. Í bréfi þessu segir m. a.: „Í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I við lög nr. 83/1995 um breytingu á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, sbr. rgl. nr. 350/1995, er kveðið á um, að þeim hluta aflahámarks vegna línutvöföldunar, sem ekki nýttist við línuveiðar í nóvember til febrúar sl., skuli úthlutað til þeirra skipa, sem orðið hafa fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks frá fiskveiðiárinu 1991/1992 til yfirstandandi fiskveiðiárs.“

Með bréfi, dags. 13. desember 1995, krafði stefnandi stefnda um greiðslu þessarar viðbótarafllaheimildar miðað við markaðsverð

þorsks	460 kr. kg × 8664 = kr. 3.985.440
ýsu	110 kr. kg × 1009 = kr. 110.990
	<hr/>
Samtals	kr. 4.096.430

Þessum kröfum hafnaði stefndi á þeim grundvelli, að honum hefði ekki verið úthlutað aflahlutdeild, heldur hefði verið um að ræða úthlutað aflamark innan ársins.

Á þessi sjónarmið stefnda féllst stefnandi ekki. Hann telur ljóst af kaupsamningnum, hvað væri átt við með viðbótarafhlutdeild, þ. e., að um væri að ræða viðbót við þegar úthlutað aflamark fiskveiðiársins 1994/1995, sem var fullnýtt.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að við kaupsamningsgerð hafi það legið ljóst fyrir, að á fiskveiðiárinu 1994/1995 ætti að úthluta sérstaklega til jöfnunar þeim hluta aflahámarks vegna línutvöföldunar, sem ekki nýttist við línuveiðar í nóvember 1994 til febrúar 1995. Þessum aflaheimildum skyldi úthluta samkvæmt nánari reglum, og í þeim efnum skyldi miða við aflahlutdeild einstakra skipa 1. maí 1995.

Þannig hafi verið miðað við, að slíkur viðbótarfli fylgdi með í kaupunum, en gegn sérstöku gjaldi. Hins vegar hafi ekki verið unnt að setja fram ákvæðna tölu í því sambandi, þar sem ekki hafi legið fyrir, hver yrði viðbótarúthlutun bátsins, fyrr en frumvarp um breytingu á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, þingskjal 111 (mál nr. 28), hefði verið samþykkt og reglugerð samkvæmt lögnum lægi fyrir.

Fyrrgreint frumvarp hafi verið samþykkt sem lög nr. 83/1995 og reglugerð nr. 350/1995 sett með heimild í lögnum. Með ákvæði til bráðabirgða I samkvæmt lögum nr. 83/1995 sé verið að úthluta afla sérstaklega til jöfnunar þeim hluta aflahámarksins vegna línutvöföldunar samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sem ekki nýttist við línuveiðar í nóvember til febrúar 1995.

Samkvæmt ótvíræðu ákvæði í kaupsamningnum hafi þessi viðbótarflahlutdeild ekki fylgt með í kaupunum.

Í stefnu segir, að stefndi hafi ekki mótmælt kröfum stefnanda tölulega, og þurfi því ekki frekari umfjöllun um tölulega hlið málsins.

Stefnandi vísar til reglna samninga- og kröfuréttarins um skuldbindingargildi og efndir fjárskuldbindinga, sbr. lög nr. 7/1936 og lög nr. 39/1922. Einnig er vísað til laga nr. 38/1990, sbr. lög nr. 83/1995, og reglugerðar nr. 350/1995.

Vaxtakröfur eru reistar á vaxtalögum nr. 25/1987 og málskostnaðarkrafa á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að það hafi verið að tillögu umboðsmanns stefnanda, sem ákvæði um „viðbótarflahlutdeild“, er úthlutað yrði á „yfirstandandi fiskveiðiári“, hafi komið inn í kaupsamninginn. Stefnandi hafi notið aðstoðar lögmanns við samningsgerðina.

Eins og kaupsamningur aðila beri með sér, sé bæði í viðskiptum og lagamáli gerður skýr greinarmunur á hugtökunum aflamark og aflahlutdeild. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða teljist þær varanlegu veiðiheimildir, sem einstökum skipum er úthlutað, aflahlutdeild, en samkvæmt 4. mgr. sömu greinar nefnist þær veiðiheimildir, sem skipi er úthlutað á hverju veiðitímabili, aflamark. Aflahlutdeild sé því varanleg rétt-

indi, en aflamark veiðiréttindi innan hvers fiskveiðiárs. Stefndi hafnar því, að í viðbótarúthlutun Fiskistofu, dags. 27. júní 1996, felist viðbótarafhlutdeild í skilningi kaupsamnings aðila, dags. 4. maí 1995. Þvert á móti hafi verið um að ræða aukningu á aflamarki innan fiskveiðiársins, en í engu hafi verið aukið við aflahlutdeild bátsins.

Með bréfi Fiskistofu, dags. 27. júní 1995, hafi tilteknar aflaheimildir verið yfirfærðar til Guðlaugar Lárusdóttur, RE-310. Hafi það verið gert í samræmi við 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I við lög nr. 83/1995 um breytingu á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, sbr. rg. nr. 350/1995, sem kveði á um, að þeim hluta aflahámarks vegna línutvöföldunar, sem ekki nýttist við línuveiðar í nóvember til febrúar 1995, skyldi á fiskveiðiárinu 1994/1995 úthlutað til þeirra skipa, sem orðið hefðu fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks frá fiskveiðiárinu 1991/1992 til þess fiskveiðiárs, sem þá var yfirstandandi.

Úthlutun sú, sem mælt var fyrir um í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I við lög nr. 83/1995 um breytingu á lögum nr. 38/1990, hafi verið takmörkuð við eitt fiskveiðiár, þ. e. fiskveiðiárið 1994/1995, og hafi hún verið framkvæmd með þeim hætti, að yfirfærðar hafi verið aflaheimildir í formi kílóa. Samkvæmt því hafi fiskveiðiárið 1994/1995 mátt veiða sem svaraði þeim kílóum meira af þorski og ýsu á bátinn en ef aflamarkið hefði verið óbreytt. Hins vegar hafi ekki verið um það að ræða, að báturinn fengi úthlutað aukinni aflahlutdeild. Yfirfærslan hafi því ekki haft í för með sér viðbótarafhlutdeild. Þar af leiðandi sé skilyrði samningsins um viðbótagreiðslu úr hendi stefnda ekki fullnægt.

Vegna fullyrðinga á stefnu um, að við kaupsamningsgerðina hafi legið ljóst fyrir, að úthluta ætti sérstaklega til jöfnunar þeim hluta aflahámarks vegna línutvöföldunar, sem ekki nýttist við línuveiðar í nóvember 1994 til febrúar 1995, er tekið fram af hálfu stefnda, að um þetta hafi ekki verið sérstaklega rætt við kaupsamningsgerðina. Þegar gagntilboð hafi komið frá umboðsmanni stefnanda um aukagreiðslu, ef „viðbótarafhlutdeild“ yrði úthlutað á yfirstandandi fiskveiðiári, hafi það ráðið því, að það var samþykkt, að fyrirvarsmenn stefnda hafi ekki talið líkur á, að bátnum yrði úthlutað frekari aflahlutdeild á því fiskveiðiári. Ákvæði kaupsamnings með þeirri breytingu, sem gagntilboðið fól í sér, hafi ekki tekið til hugsanlegrar aukningar á aflamarki það fiskveiðiár. Texti gagntilboðsins og kaupsamningsins hafi verið skýr um þetta efni. Ef það hafi verið vilji stefnanda, að umrætt ákvæði tæki einnig til aukningar á aflamarki yfirstandandi fiskveiðiárs vegna línutvöföldunarinnar, hafi það verið hans og löglærðs umboðsmanns hans að sjá til þess, að slíkt kæmi skýrt fram í kaupsamningi aðila.

Af hálfu stefnda er tölulegum grundvelli kröfugerðar stefnanda mót-mælt, að því er varðar hið ætlaða markaðsverð, sem stefnandi miðar við, og þar með heildarfjárhæð dómkröfu stefnanda. Það ætlaða markaðsverð, sem stefnandi miði við, sé reist á fréttabréfi Kvótamarkaðarins, en í því felist engin sönnun um, að þar sé að finna raunverulegt markaðsverð, og einnig miði stefnandi verðviðmiðanir sínar við ætlað markaðsverð fyrir varanlegan „kvóta“, en í því tilvik, sem hér er fjallað um, hafi aðeins verið um að ræða yfirfærslu veiðiheimilda, sem nýttust eitt tiltekið fiskveiðiár.

Stefndi styður kröfur sína lögum nr. 83/1995 um breytingu á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum og rg. nr. 350/1995, sem sett var á grundvelli þeirra, auk reglna samninga- og kröfuréttar um efnidir og túlkun samninga. Einnig vísar stefndi til laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, einkum 7. gr. og 2. mgr. 11. gr. þeirra laga. Um málskostnað er stuðst við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 129. og 130. gr.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur fyrir dómi þeir Páll Gunnólfsson, fyrirsvarsmáður stefnanda, Einar Pálsson, sonur Páls Gunnólfssonar og hluthafi í stefnanda, Hermann Ólafsson, forstjóri stefnda, Níels Adolf Guðmundsson, starfsmaður stefnda, Brynjar Ívarsson skipasali og Erlingur Óskarsson lögfræðingur.

Fram kom við skýrslutökum þessar, að Páll Gunnólfsson, forstjóri og stjórnarformaður stefnanda, hefur fengist við útgerð um árabíl. Bátinn Guðlaugu Lárusdóttur, RE-310, hefði stefnandi gert út síðan í janúar 1990. Forstjóri stefnanda hefur áður selt báta. Við samningsgerðina naut stefnandi ráðgjafar Erlings Óskarssonar lögfræðings.

Fram kom hjá Erlingi Óskarssyni lögfræðingi, að hann hefði aðstoðað stefnanda vegna sölu bátsins. Skilningur hans hefði verið, að greiða ætti fyrir alla viðbót á aflaheimildum bátsins. Erlingur var viðstaddur undirritun samnings, menn hafi verið sammála um það, að ef einhver viðbót kæmi á skipið á fiskveiðiárinu 1994/1995, ætti að greiða fyrir það.

Fram kom hjá Hermanni Ólafssyni, forstjóra stefnda, að við samningsgerð hefði ekki verið sérstaklega rætt um gagntilboðið. Skipasalan Batar og búnaður annaðist samningsgerð vegna kaupanna að ósk stefnda, og greiddi stefndi skipasölunni fyrir samningsgerðina.

Fram kom hjá Brynjari Ívarssyni skipasala, að hann hefði haldið, að í umræddu ákvæði í kaupsamningi væri verið að fjalla um varanlegan kvóta.

Í skýrslutökum þessum virtust hugtökin aflamark og aflahlutdeild vera nokkuð óljós hjá fyrirsvarsmanni stefnanda, forstjóra stefnda og lögmanninum, sem aðstoðaði stefnanda við söluna.

Niðurstæða.

Með aðilum er tölulegur ágreiningur, en meginágreiningur þeirra er um það, hvernig túlka beri ákvæði um veiðiheimildir í kaupsamningi um mb. Guðlaugu Lárusdóttur, RE-310, en ákvæðið er svohljóðandi: „Úthlutað aflamark fiskveiðiársins 1994/1995 er fullnýtt. Verði bátnum úthlutað viðbótarafhlutdeild á yfirstandandi fiskveiðiári, greiði kaupandi seljanda fyrir það á markaðsverði, og fari greiðsla (svo) fram um áramótin 1995/1996.“

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða er einstökum skipum úthlutað veiðiheimild, og er hverju skipi úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar. Það nefnist aflahlutdeild skips. Hún helst óbreytt milli ára. Ákvæði þetta gefur ekki tilefni til að ætla, að breytingar verði á aflahlutdeild, heldur segir beint, að aflahlutdeildin haldist óbreytt milli ára.

Veiðiheimild skips á hverju veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla eftir takmörkunum skv. 9. gr. tilvitnaðra laga. Sú veiðiheimild nefnist aflamark, sbr. 4. mgr. 7. gr. tilvitnaðra laga.

Aflahlutdeild er varanleg réttindi, en aflamark er veiðiheimild skips innan fiskveiðiárs.

Með lögum nr. 83/1995 frá 20. júní 1995 um breytingu á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum var kveðið svo á, að á fiskveiðiárinu 1994/1995 skyldi úthluta sérstaklega til jöfnunar þeim hluta aflahámarks vegna línutvöföldunar skv. 6. mgr. 10. gr., sem ekki nýttist við línuveiðar í nóvember til febrúar, og skyldi í þessum efnum miða við aflahlutdeild einstakra skipa 1. maí 1995. Á grundvelli þessa voru 27. júní 1995 yfirlærðar til mb. Guðlaugar Lárusdóttur, RE-310, aflaheimildir þær, sem stefnandi krefur stefndu um greiðslu fyrir með málsókn þessari.

Þegar til þess er litið, að frumvarpið, sem varð að lögum nr. 83/1985, var lagt fram 30. maí 1995 á grundvelli verkefnaskrár sjávarútvegsráðuneytisins, sem samþykkt var af ríkisstjórn 22. apríl 1995, þykir líklegt, að á þeim tíma, sem kaupsamningur aðila var gerður, 4. maí 1995, hafi það verið til umræðu í þjóðfélaginu, a. m. k. hjá þeim, sem við útgerð fást, að veiðiheimildir kynnu að verða auknar. Þykir því bera að leggja til grundvallar við niðurstöðu máls þessa, að með áður tilvitnuðu ákvæði um viðbótarafhlutdeild hafi ætlun stefnanda verið viðbótaraflaheimild, réttu nafni aflamark, og það hafi stefnda mátt vera ljóst, enda tilgangslaust að semja um viðbótarafhlutdeild, þegar litið er til 2. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1990. En skýrslutökur við aðalmeðferð málsins sýndu, að merking þessara hugtaka, aflahlutdeildar og aflamarks, var ekki skýr.

Af hálfu stefnda hefur því verið, sem stefnandi miðar við, verið mótmælt, m. a. með því, að engin sönnun sé um, að það verð, sem stefnandi miðar við, sé raunverulegt markaðsverð. Jafnframt er því mótmælt, að stefnandi reisi verðviðmiðanir sínar á ætluðu markaðsverði fyrir varanlegan „kvóta“, en hér hafi aðeins verið um að ræða yfirfærslu veiðiheimilda, sem nýttust eitt tiltekið fiskveiðiár. Hér fyrir dómi kom fram, að skipið, sem stefndi keypti af stefnanda, hefði fengið aukið aflamark á fiskveiðiárunum 1995/1996 og 1996/1997. Í lögum nr. 83/1995 er kveðið á um, að úthlutun eins og sú, sem málið er af risið, skuli fram fara á fiskveiðiárunum 1995/1996 til og með 1998/1999.

Ljóst er, að eftir úthlutunina 27. júní 1995 hafði stefndi fengið meiri verðmæti en fylgdu bátnum, þegar kaupin gerðust. Af hálfu stefnda hefur ekki verið gerð tilraun til þess að hnekkja verðviðmiðun stefnanda.

Með vísan til framanritaðs verður niðurstaða málsins sú, að kröfur stefnanda eru teknar til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Stakkavík hf., greiði stefnanda, Veri hf., 4.096.100 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1996 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.
